

Fundur 25.5.2020 Inga Þórðardóttir.

Komið þið sæl.

Já vertu velkomin.

Gleður það mig. Loksins að komast í gegn til ykkar allra, og finna að þið eruð hér öll samankomin.

Já.

Ég.

Ætlar þú að segja okkur sögu þína.

Já, ég finn að. Mér þykir leitt að ég skuli fara svo fljótt. Ég veit að þið viljið heyra það.

Ja, þú áttir tíu ár eftir sagðir þú mér.

Já, ég vonaðist til þess.

Já.

En það er líka margt nýtt hér, sem er sífellt betur og betur að koma í ljós.

Og eftir því sem ég verð hér lengur, vaknar hjá mér löngun til að kanna það, og ferðast um þennan nýja hnött.

Já það er ekki nema eðlilegt.

Var þetta öðruvísi en þú hélst?

Já þetta er alltaf furðulegt.

En margar blendnar tilfinningar sem.

Fögnuður og tregi og söknuður í bland og margt misjafnt.

Ég hef svo sannarlega hitt hér ættingja og vini og fólkið sem ég vann með.

Þú átt örugglega marga vini sem voru farnir á undan þér.

Já,

Sem þú varst að vinna með og lesa fyrir.

Já, og, en ég átti nú bágnt með að trúa því að fólk yrði nú ungt aftur.

Já.

En það hefur komið í ljós og það er nú eitt það stórkostlegasta af þessu öllu.

Og ert þú orðin ung aftur?

Já, það má segja það.

Já.

Þannig að það er að koma smátt og smátt.

Já einmitt.

Ég held að þú myndir þekkja mig eins og þegar við kynntumst.

Það er ekkert annað, það eru mikil umskipti.

En, það gleður mig að börnin eru hér og þið segið barnabörnunum að það er svo margt sem amma vildi segja við þau, en hugsar stöðugt til þeirra.

Já, já, það er nú eitt hérna statt.

Já, hvernig líður þér?

Svona ég veit það ekki, það er svona, það er nú allt í lagi núna, en það var svona sjokkerað að missa þig svona allt í einu.

Já, þú veist að ég gleymi þér ekki þótt þetta hafi gerst.

Já.

Ég finn það að þetta tekur á miðilinn. Það þarf að.

Eg vona að ég geti sagt eitthvað örlítið frá komu minni hingað.

Já.

Ég,

Vaknaðir þú úti í náttúrunni fyrst?

Já, víðáttu, mikil engi og ég blygðaðist mín.

En það kom hér fólk og kom mér á annan stað, svo sundlaug.

Það undraði mig hversu margir voru í kringum mig og.

Og var það eitthvað af þínu fólki?

Já, það, þau eru bæði mamma og.

Afi þinn hefur nú verið þarna.

Já, Haraldur, fleiri, ég veit ekki hvort ég kem því öllu.

Nei, nei, Rósa hefur nú verið þarna líka.

Já, þau leggja svo mikið upp úr persónulegum samskiptum á þessum stað, að hjálpast að stórfjölskyldan.

Já.

Einföldu hlutirnir í lífinu til að auka kærleikann.

Og mér finnst ég fá allskonar tækifæri til að sinna mörgum gömlum áhugamálum sem ég hafði og kannski því sem ég starfaði við.

Já.

Ég veit þið skiljið mig.

Ég var viss um að þú værir strax komin í hjálparstörf.

Það er svo mikill kærleikur hérna, að það er allt öðruvísi en á gömlu jörðinni.

Fólk skilur hvert annað. Það er miklu meira, en ég get úrskýrt svona í fljótu bragði.

Hver er helsti munurinn á milli þessara jarða?

Þetta er allt svo nýtt fyrir mér. Ég, já munur.

Það er meiri bara svona, rólegri taktur. Og ljósið, dagsljósið svolítið öðruvísi á litinn.

Og minna stress, og auðveldara að tala við fólk, finnst mér.

Það er mikill kærleikur og góð samskipti.

Ég veit ekki hvort það er hægt að nefna fleira. Þetta er það sem kemur upp í hugann.

En er þetta eins og hér, borgir og bílar?

Já, ja bílar, það eru, einhver, það er ekki, ég held að það séu frekar svifnökkvar.

Jú fólk fer í farartækjum en ég veit ekki alveg, það eru öðruvísi lögmál, get ekki alveg útskýrt það.

Nei, nei.

Eru meiri loftferðir eða svoleiðis (Eiríkur).

Nei, það er ekki, jú en þessi faratæki eru nálægt jörðunn. En fólkið.

Það er svifið upp í þessar stöðvar, stórkostleg. Það er svo.

Mér finnst andlegir hæfileikar hafa aukist hér á þessum stað.

Hefur þú getað fylgst með því sem er að gerast hér hjá okkur?

Það er eitthvað sem, það kemur eins og í leiftri.

Það er loksins búið að ganga frá því hvert Litla skermahúsið fer.

Hvert?

Það er fólkið í Kelfavíkinni, Ljós..

Já

Þau taka það, þannig að Alexander gat klárað það.

Já, það er fínt.

Já.

Mikið er nú gott að geta.

Mér finnst nú fyrir mestu að þið skiljið að þetta hefur allt sinn gang og ég.

Það var svolítið erfitt að skilja við andlega en líkaminn var fljótur að jafna sig.

Já.

Það er svona eins og að fara í ný föt, sem eru manni framandi til að byrja með.

Já, já.

En, ég var svolítið klökk um tíma.

Það er ekkert skrítið, vera hrifin svona í burtu, einn, tveir og þrír.

Já, það er ekki hægt að ráða örlögunum. Það er ekki hægt að breyta örlögunum.

Einhverju sem manni er úthlutað.

Einmitt.

En ég tók nú þá ákvörðun býsna fljótt, að lífið yrði að halda áfram og ég yrði að finna mér tækifæri hérna og halda áfram.

Það er nú ekkert annað í stöunni.

Klara biður að heilsa þér, ég sá hana í dag.

Ég þakka kærlega fyrir það.

Og þú mátt segja öllum, að þú hafir haft rétt fyrir þér með þessi nýju heimkynni.

Já er það ekki.

Jú.

Það er gaman að heyra það.

Þannig að ég má skila kveðju til allra sem ég hitti og þekktu þig.

Og hann biður að heilsa þér hann Gulli.

Já, ég frétti það síðast að þú værir eitthvað í hans hóp.

Ja, hann er svo öflugur, að hann hjálpaði mér mikið.

Já, já, gaman að heyra.

Hann leitaði mig uppi og hann er svo lífsglaður, hann kom mér svo fljótt í gang aftur.

Já enn gaman, ég bið innilega að heilsa honum.

Hann biður að heilsa öllu sínu fólki líka.

Ég skila því, ég sé alla vega Danna stundum.

Já.

Það kom sér vel, þegar hann kom í sambandið. Og ég leyfði honum að heyra, það svona bjargaði honum, Danna á sínum tíma.

Já, það er dýrmætt að heyra í fólkinu sínu.

Já, Já.

En mig langar til að hjálpa miðlinum eitthvað til að eflast. Ég finn að, það eru.

Ég get ekki sagt allt sem ég vildi segja.

Einmitt.

En,

Við erum að reyna að kveikja á einhverjum nýjum, fleiri miðlum, það væri gott ef þú gætir hjálpað okkur við það.

Já, ég held að ég eigi eftir að eflast hérna á þessu sviði, ég finn það bara á mér, að þetta er.

Það er eins og það vakni margar víddir sem hafa legið í dvala.

Já, já, þú vildir ekki sinna sumu.

Já, það þarf nú að vera alveg viss um að maður sé að gera rétt.

Já.

En það er einkennilegt og tregablandið að vera kominn svona langt í burtu.

En mér finnst að þið hafið staðið ykkur vel. Ég finn að þið skiljið hvernig þetta er.

Að það var ekkert við þessu að gera.

Nei, nei, það var ekkert við þessu að gera.

Og foreldrar þínir, þeim finnst merkilegt að, þeir fylgjast með þessu af áhuga.

Veistu hvað pabbi var að reyna segja okkur á síðasta fundi, hvað er hann farinn að gera?

Hann er með fyrirtæki. Það er munurinn á tækninni hérna og hjá ykkur.

Hann vill gjarnan komast í gegn hjá ykkur.

Já.

Hann hefur frá mörgu að segja.

Einmitt.

Ég vil segja það, að þið gerið það besta fyrir mig að vera góð við ykkur sjálf og gera það besta fyrir ykkur sjálf og aðra.

Og harma þetta ekki allt of mikið en ganga bara vel hjá ykkur. Þið gerið það fyrir mig.

Já, Já, við gerum það öll.

Ég veit ekki hvort ég tók á því að halda mikið meira áfram, en ég þakka innilega fyrir tækifærið til að koma í gegn.

Við biðjum að heilsa öllu þínu fólki og ert þú nokkuð búinn að sjá föður þinn hann Þórð, hann er nýkominn yfir?

Já er það.

Þú hefur ekkert frétt af því?

Ég hef ekki, ég reyni að segja þér betur frá því seinna.

Já.

En, ég veit að pabbi þinn vill koma í gegn og vonandi fleiri.

Já.

Ég þakka innilega fyrir tækifærið að koma í gegn og ég veit að þið reynið öll að vera sterk er það ekki?

Svari hver fyrir sig, Þuríður.

Jú, jú.

Björn.

Raphael.

Já.

Ég elska ykkur öll.

Inga við þökkum þér kærlega fyrir að koma.

Og ég hugsa til ykkar.

Já, takk fyrir það.

Verið þið sæl að sinni, vonandi að ég geti aftur komið.

Við treystum því.

Vertu blessuð.

Verið þið sæl.

Blessuð, takk fyrir.